

L Ö G

23

19. maí

um

rafmagnsdeild við vélstjóraskólann í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við vélstjóraskólann í Reykjavík skal vera sérstök rafmagnsdeild í tveim ársdeildum.

Er próf tekið að loknu námi í hvorri ársdeild fyrir sig, og nefnast þau árspróf og burtfararpróf.

Stjórnarráðið ræður kennara í samráði við skólastjóra, og greiðast laun þeirra úr rikissjóði.

2. gr.

Við árspróf skal gera þessar kröfur:

1. Í stærðfræði: Kunnátta í almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og rafmagns- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafmagnsvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í islenzku: Að geta gert islenzkan stil um almennt efni skýrt og villulítið.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt létt mál.

3. gr.

Við burtfararpróf skal gera þessar kröfur:

Í rafmagnsfræði: Þekking á undirstöðuatríðum rafmagnsfræðinnar og einföldum rafmagnsmælingum, á rafmagnshlöðum og allskonar rafmagnsvélum og rafmagnstækjum, gerð þeirra, uppsetning og gæzlu; enn fremur kunnátta í

23 lagningu allskonar rafmagnstækja. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir all-
19. maí gengra bilana á tækjum þessum og lögnum; þeir skulu geta áttað sig á tengi-
myndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja
og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur;
ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og
kunna að gera einfaldar lifgunartilraunir.

Auk þess er krafizt í öðrum greinum þess, sem nauðsynlegt er til
fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

4. gr.

Árspróf er skriflegt og munnlegt, en burtfararpróf er auk þess verk-
legt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð forstjóra vélstjóraskól-
ans og tveim prófdómendum, er fræðslumálastjórnin skipar; skulu þeir báðir
hafa próf frá að minnsta kosti jafngildum skóla og þessi er.

Prófdómendur velja prófverkefni, en kennari í hverri grein heldur
hið munnlega og hið verklega próf.

Kennarar dæma um kunnáttu nemenda, hver í sinni grein, ásamt
prófdómendum.

5. gr.

Sá einn má ganga undir árspróf, sem:

1. hefir unnið við rafmagnslagnir og rafmagnsvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur
hjá þeim rafmagnsmeisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda;
2. sýnir vottorð frá iðnmeistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi;
3. hefir stundað nám í skólanum einn vetur.

6. gr.

Sá einn má ganga undir burtfararpróf, sem hefir setið í báðum árs-
deildum.

7. gr.

Undanþágu frá 3. lið 5. gr. og frá 6. gr. má þó veita þeim, sem getur
fært sönnur á, að hann hafi hlotið nægilega þekkingu og þroska til þess að
geta gengið undir prófið, enda sendist umsókn hans um það til forstjóra vél-
stjóraskólans mánuði áður en próf hefist. Skulu umsókninni fylgja, auk áð-
urnefndra vottorða, skirnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim, er hafa
kennt honum.

8. gr.

Stjórnarráðið setur í reglugerð ákvæði um inntökuskilyrði, fyrirkomu-
lag kennslunnar, próf o. fl.

9. gr.

Sá einn má setjast í eldri deild, sem hefir staðizt árspróf eða vélstjórpróf.

10. gr.

23

19. maí

Þeim, sem hefir náð burtfararprófi, skal veitt skirteini um það. Skirteini eru tvennskona: annað fyrir þá, sem hafa unnið 3 ár hjá rafmagnsmeistara og síðan stundað nám í báðum ársdeildum; hitt er fyrir þá, sem hafa tekið vélstjóraþróf og aðeins setið í eldri deild. Í skirteininu skal telja þær kennslugreinar, sem nemandinn hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn hans, og jafnframt bæði hina lægstu einkunn, er krafizt er til að standast prófið, og þá hæstu, sem unnt er að ná. Skirteinið skal undirritað af forstjóra vélstjóraskólans og hinum skipuðu prófdómendum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

L Ö G

24

19. maí

um

háskólakennara.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar dócentar við Háskóla Íslands hafa starfað í embætti um 6 ár, verða þeir próffessorar með sömu réttindum og skyldum sem aðrir próffessorar